

Nd.

98. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Á eftir 46. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú eru almennir útlánsvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af tékka í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 45. og 46. gr. tékkalaga segir, að krefja megi um 6 af hundraði í ársvexti af tékkafjárhæð, sem ekki fæst greidd við sýningu tékka. Mjög mikilvægt er að koma í veg fyrir það, að út séu gefnir tékkar, sem ekki er innistæða fyrir. Verður því að telja sjálfsagt, að tékkaskuldarar greiði almenna útlánsvexti af skuld sinni, en þeir eru nú 7 af hundraði á ári. Heppilegast mun vera að hafa í lögnum almennt ákvæði um þetta efni, svo að ekki þurfi að breyta lögnum á ný, ef útlánsvextir bankanna breytast aftur.